



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 5. júlí 2006
Ákvörðun nr. 26/2006

Kaup Haga hf. á Res ehf.

1.

Með bréfi Einar Þórs Sverrissonar hdl., dags 31. mars 2006, sem Samkeppniseftirlitinu barst 5. apríl sl. var tilkynnt að Hagar hf. hefðu keypt allt hlutafé í Res ehf., verslanirnar Karen Millen, Warehouse, Shoe Studio, Whistles og All Saints í Kringlunni, með kaupsamningi dags. 28. febrúar 2006. Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgdu einnig samningar um kaupin, dags. 28. febrúar 2006, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árin 2004 og 2005 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 4. maí sl., tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mána frests samkeppnisyfirvalda til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að Hagar stundi starfsemi á sviði verslunar með matvæli, fatnað og sérvöru. Hagar hafi ákveðið að víkka út starfsemi félagsins í öðrum tegundum en matvöru hér á landi. Hagar reki í dag verslanirnar Bónus, Hagkaup, 10-11, Útilíf, Zara, Debenhams og TopShop. Einnig eigi Hagar innkaupafyrirtækið Aðföng, Hýsingu, Ferskar kjötvörur og Banana. Öll félögin séu rekin undir sjálfstæðri kennitölu en séu ekki sjálfstæðir lögaðilar að undanskildum Banönum.

Að mati forsvarsmanna Haga séu kaupin á Res til þess fallin að styrkja rekstur Haga sem smásölufyrirtækis, þ.m.t. með samnýtingu á stoðstarfsemi félagsins, svo sem vöruhúsinu Hýsingu. Starfsemi Haga hafi að hluta til verið á mörkuðum sem Res hafi starfað á, þ.e. á markaðnum fyrir sölu á fatnaði hér á landi. Kaup Haga muni ekki hafa neinar breytingar í för með sér á efnahags- eða fjárhagslegri

uppbyggingu Haga enda sé velta Res einungis [...] ¹ af heildarveltu Haga fyrir kaupin.

¹ Felt út vegna trúnaðar



Velta Haga á árinu 2004 hafi verið [...]², þar af [...]³ í veltu vegna sölu á fatnaði og skóm. Velta Res á árinu 2005 hafi verið [...]⁴ vegna sölu á fatnaði.

Fram kemur það mat í tilkynningunni að líta megi svo á að Baugur Group hf. ráði yfir Högum með beinu eignarhaldi og óbeinu. Þrátt fyrir það segir í tilkynningunni að starfsemi Baugs Group á markaðnum fyrir föt hér á landi sé engin. Baugur Group sé hins vegar eigandi að ca. 36% hlutfjár í Mosaic Fashions, sem sé breskt almenningshlutafélag skráð í Kauphöll Íslands en hafi enga starfsemi hér á landi. Í eigu Mosaic Fashion séu vörumerki sem Res hafi umboð fyrir hér á landi.

Í tilkynningu Haga er greint frá því að félagið hafi nýverið keypt allt hlutfé í Íshöfn hf. sem reki verslanirnar Oasis í Kringlunni og Smáralind og verslanirnar Coast, Changes og deild í Debenhams í Smáralind. Fjallað er um þau kaup í sérstakri ákvörðun, ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2006.

Hagar telja að vörumarkaðurinn í málinu sé fatnaður, þ.e. að allur fatnaður tilheyri einum vörumarkaði. Tækt væri að mati Haga að skilgreina markaðinn í dýrari fatnað og ódýrari, en Hagar telji að gleggri mynd fái af markaðnum sé hann skoðaður sem ein heild. Í þessu sambandi sé þó rétt að nefna að Res selji fatnað sem flokkist sem millidýr og yfir meðallagi í verði en Hagar hafi að litlu leyti verið á þeim markaði. Væri markaðurinn skilgreindur á þann hátt megi segja að markaðshlutdeild Haga á þeim markaði fyrir kaupin á Res væri lítil. Slík skilgreining hafi hins vegar í för með sér að mun erfiðara sé að greina markaðinn.

Ljóst sé að kaup Haga á Res myndi lárétt tengsl, þ.e. um sé að ræða starfsemi á sama sölustigi.

Að mati Haga nái samruninn til landsins alls. Enda þótt starfsemi Res sé einungis á höfuðborgarsvæðinu og stærsti hluti fatasölu Haga á því svæði, sé rétt að líta á landið allt sem eitt markaðssvæði.

Árið 2005 hafi sala Haga í fatnaði numið rúmum [...]⁵. Velta Res hafi verið [...]⁶. Miðað við stærð markaðrins eins og Hagar skilgreini hann sé markaðshlutdeild Haga um [...]⁷ og hlutdeild Res innan við [...]⁸. Markaðshlutdeild Haga aukist lítið með kaupum á Res og Íshöfn og verði eftir samrunanna um [...]⁹.

Niðurstöður

1.

² Felt út vegna trúnaðar

³ Felt út vegna trúnaðar

⁴ Felt út vegna trúnaðar

⁵ Felt út vegna trúnaðar

⁶ Felt út vegna trúnaðar

⁷ Felt út vegna trúnaðar

⁸ Felt út vegna trúnaðar

⁹ Felt út vegna trúnaðar



Samkeppniseftirlitið telur að fatamarkaðinn megi skilgreina í a.m.k. þrjá undirmarkaði, þ.e. lágvöruverðsmarkað, markað fyrir tískufatnað þar sem verðlag er í meðallagi hátt og markað fyrir hátískufatnað þar sem verðlag er hlutfallslega hátt. Áður en Hagar keyptu það fyrirtæki sem hér er til umfjöllunar störfuðu verslanir Haga aðallega á lágvöruverðsmarkaðnum, þ.e. verslanirnar Hagkaup, Zara og Topshop. Á markaðnum fyrir meðaldýran tískufatnað starfa Hagar í einhverju mæli í versluninni Debenhams. Verslanir Haga hafa ekki starfað á markaðnum fyrir hátískufatnað.

Verslanir í eigu Res hafa starfað annars vegar á markaðnum fyrir tískufatnað, þ.e. Warehouse, og hins vegar á markaðnum fyrir hátískufatnað, þ.e. Karen Millen, Whistles og All Saints. Á þessum mörkuðum hafa Hagar haft litla starfsemi.

2.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki myndist markaðsráðandi staða á skilgreindum mörkuðum í kjölfar samrunans sem hér er til umfjöllunar eða að slík staða styrkist. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninni geti raskað samkeppni. Við kaupin eru Hagar að hefja rekstur á verslunum sem starfa á mörkuðum sem fyrirtækið hefur ekki starfað á áður og nokkur samkeppni ríkir á. Keppinautar á þeim mörkuðum eru m.a. verslanir NTC, verslun Sævars Karls, verslanirnar Next og Noa, Noa ofl. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 28. febrúar 2006, keyptu Hagar hf. allt hlutfé í Res ehf. Fela þessi kaup í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson